

**Erindi íbúasamtaka Laugardals (ÍL), dags. 4. október 2024 – ósk um samstarf um undirbúning opins íbúafundar um stöðu leik- og grunnskóla hverfisins**

Stjórn ÍL óskar eftir samstarfi við íbúaráð Laugardals um undirbúning að opnum fundi fyrir íbúa hverfisins þar sem staða leik- og grunnskóla hverfisins verði rædd.

Efni fundar yrði greining á stöðu allra skólastiga og skólahverfa m.t.t. nemendafjölda, biðlista, stöðu húsnæðis og áforma um úrlausn. Fengnar yrðu kynningar á stöðu mála frá þar til bærum sviðum Reykjavíkurborgar og samtal um tímalínu í framkvæmdum þeim sem þarf að ráðast í. Það færi vel á að 2-3 fulltrúar frá hvorum aðila komi að undirbúningsvinnu og skipulagi.

Tillaga þessi er borin fram í ljósi mjög svo erfiðrar stöðu í húsnæðismálum á öllum skólastigum í hverfinu og er það von okkar að þetta megi verða til að styðja við farsælar lausnir og aukins trausts íbúa til úrlausna.